

## Stafræn Samfélög: Upphaf verkefnisins

Eins og áður hefur komið fram er mikið um að vera hjá verkefnastjórnnum Nýheima þekkingarseturs þessa dagana en um þessar mundir hefst vinna við hvorki meira né minna en fjögur ný Erasmus+ verkefni sem öll eru styrkt af samstarfsáætlun Evrópusambandsins.

Eitt þessara verkefna kallast Digital skills and competences of local communities in rural areas sem á íslensku gæti útlagst sem *Stafræn hæfni og færni samfélaga á landsbyggðinni*. Í daglegu tali gengur verkefnið undir heitinu *Stafræn samfélög*. Verkefnið er unnið í samstarfi 6 aðila sem koma frá 5 löndum, þ.e. Búlgaríu, Hollandi, Svíþjóð, Spáni og Íslandi en þátttakendur frá Íslandi eru tveir. Nýheimar þekkingarsetur er verkefnastjóri verkefnisins.

Verkefnið snýst um að þróa stafræna færni íbúa í sveitarfélögum á landsbyggðinni sem og í dreifbýli. Áhersla verður lögð á eldri borgara í þessu samhengi ásamt sjálfboðaliðum, leiðbeinendum og umönnunaraðilum eldri borgara. Ætlunin er að greina hvað þarf til þess að aldraðir einstaklingar geti notað mismunandi opinbera þjónustu á veraldarvefnum t.d. netþjónustu og lagað sig þannig betur að hinum stafræna heimi. Þannig öðlast þeir e.t.v. aukið sjálfstraust í notkun internetsins sem gæti í framhaldinu bætt heilsu þeirra og lífsgæði. Að greiningunni lokinni er áætlað að þróa sýndarstoðtæki fyrir stafræna þátttöku aldraðra, t.d. myndbönd, út frá raunverulegum dæmum úr lífi aldraðra. Afurðirnar verða í framhaldinu kynntar fyrir umönnunaraðilum eldri borgara og þeim kennt að nýta efnið til að veita skjólstæðingum sínum kennslu og stuðning.

Fyrirhugað var að upphafsfundur þátttakenda í verkefninu færi fram í Rotterdam í Hollandi í nóvember á þessu ári en vegna faraldursins sem nú geisar fór sá fundur fram á netinu þann 11. nóvember s.l. Þátttakendurnir í verkefninu eru flestir gífurlega reynslumiklir, hver á sínu sviði ásamt því að hafa tekið þátt í fjölda Erasmus+ verkefna. Upphafsfundurinn tókst ákaflega vel og ljóst er að mikil tilhlökkun er innan hópsins að takast á við hið spennandi verkefni sem *Stafræn samfélög* felur í sér.

